

Siglufirði, 21. október 2021.

Til þeirra sem málið varðar.

Ég rita þessi orð vegna fyrirhugaðrar sölu á prestsetrinu Hvanneyri á Siglufirði. Ég er nokkuð viss um að flutningsmenn tillögunnar þekkja ekki söguna á bak við staðinn og gildi hennar fyrir sögu bæjarins og íslensku þjóðkirkjunnar.

Hér hefur verið prestsetur æði lengi og ávallt á sama hólnum, Hvanneyrarhól svokölluðum. Árið 1614 var aðalkirkjan færð af Siglunesi og stóð upp frá því á bak við prestsetrið, ekki langt frá, allt til 1890. Um hana var kirkjugarður, sá elsti í Siglufirði, að talið er. Allt er þetta innan seilingar. Fyrir 10 árum var reistur turn þar sem kirkjurnar höfðu staðið, til minningar.

Á öldum áður voru tvær jarðir sem áttu Sigluförð, Hvanneyri og Höfn. Öll byggðin á Eyrinni — sem einnig gengur undir nafninu Siglufjarðareyri eða Þormóðseyri — er á landi því sem prestsetursjörðin Hvanneyri átti. Hún er því óaðskiljanlegur hluti fjarðarins og alls sem í honum er.

Og hér bjó sr. Bjarni Þorsteinsson, sem heldur betur hefur skilið eftir spor sín í þjóðkirkjunni með hátíðarsöngvum sínum. Hann hvílir skammt frá prestsetrinu, ásamt eiginkonu sinni.

Hvanneyrarhóllinn er samofinn sögu Siglufjarðar, kristni sem og mannlífs.

Ég fullyrði að verði einhverjum óviðkomandi þessu selt húsið muni það setja Sigluförð niður, sögu hans alla og ekki síst íslensku þjóðkirkjuna og yrði óbætanlegur skaði.

Ég hvet ykkur þess vegna til að vinna að því að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

Þetta bréf rita ég með vitorði og eindregnum stuðningi sóknarnefndar Siglufjarðarsóknar.

Vinsamlegast.



Sigurður Ægisson, sóknarprestur,
Hvanneyrarbraut 45,
580 Siglufirði.